

HS Veitur hf - Ársreikningur fyrir árið 2013

Árshlutareikningur HS Veitna hf. var samþykktur á fundi stjórnar í dag, 21. febrúar 2014.



Helstu atriði

Hagnaðaraukning um 224 m.kr. milli tímabila

Heildarhagnaður ársins 2013 var 666 m.kr. á móti hagnaði árið 2012 upp á 442 m.kr.

EBITDA hækkar milli tímabila, EBITDA fyrir árið 2013 var 1.798 m.kr. (36%) á móti 1570 m.kr. (33%) fyrir árið 2012.

Fjárhagsstaða er sterk og horfur góðar. Eiginfjárlutfall þann 31. desember 2013 er 53,1%.

Veltufjárlutfall var 4,63 þann 31. desember 2013 samanborið við 4,28 í árslok 2012.

Hluthafar félagsins eru sjö, í lok desember áttu þrjú hluthafa yfir 10% hlut í félaginu:

Reykjanesbær	66,75%
Orkuveita Reykjavíkur	16,58%
Hafnarfjarðarbær	15,42%

Almenn umfjöllun

Heildarhagnaður 2013 nam 666 m.kr. á móti hagnaði fyrir árið 2012 uppá 442 m.kr. Það er hagnaðaraukning upp á 224 m.kr. sem skýrist m.a. af hækkun tekna, lækkun annars rekstrarkostnaðar og lægri verðbótum langtímalána en frá fyrra tímabili. Hækkun tekna nam 355 m.kr. Gjaldfærð lífeyrisskuldbinding fyrir 2013 var 42 m.kr. á móti gjaldfærslu um 89 m.kr. árið 2012. Verðbætur langtímalána eru um 237 m.kr. en voru árið áður um 266 m.kr.

Tekjur hækkuðu um 7,6% á milli ára. Samkvæmt rekstrarreikningi námu rekstrartekjur HS Veitna hf 2013 5.054 m.kr. þar af vegna raforkudreifingar 2.604 m.kr., vegna sölu og dreifingar á heitu vatni 1.684 m.kr., vegna sölu og dreifingar á fersku vatni 515 m.kr. og vegna annarrar starfsemi 250 m.kr. Sambærilegar tölur fyrir árið 2012 eru eftirfarandi: Rekstrartekjur 4.699 m.kr. þar af vegna raforkudreifingar 2.423 m.kr., vegna sölu og dreifingar á heitu vatni 1.545 m.kr., vegna sölu og dreifingar á fersku vatni 509 m.kr. og vegna annarrar starfsemi 221 m.kr.

Kostnaðarverð hækkaði um 6,3% á milli ára á meðan tekjur jukust um 7,6%. Kostnaðarverð sölu nam 3.383 m.kr. fyrir 2013 (67% m.v. tekjur) á móti 3.183 m.kr. árið 2012 (68% m.v. tekjur). Helsta kostnaðaraukning á milli tímabila er að orku kaup aukast um 137 m.kr., raforkutöþ í dreifikerfi aukast um 17 milljónir, raforkuflutningur um 36 milljónir og rekstur hitaveituedeildar eykst um 37 m.kr.

Annar rekstrarkostnaður lækkar á milli ára eða um 37 m.kr. (425 m.kr. fyrir árið 2013 og 462 m.kr. fyrir sama tímabil árið 2012). Þessa breytingu má að mestu skýra annars vegar með breytingu á lífeyrisskuldbindingu, en gjaldfærð lífeyrisskuldbinding fyrir árið 2013 var 42 m.kr. á móti gjaldfærslu um 89 m.kr. í fyrra.

Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld eru neikvæð um 458 m.kr. árið 2013 á en voru neikvæð upp á 549 m.kr. árið 2012, eða alls lækkun á milli ára um 91 m.kr. Þessa lækkun má rekja til lægri verðbóta vegna langtímalána en verðbætur fyrir 2013 voru um 237 m.kr. á móti 266 m.kr. fyrir sama tímabil árið 2012. Fjármunatekjur eru að aukast úr 57 m.kr. árið 2012 í 107 m.kr. árið 2013.

Gjaldfærður tekjuskattur nam 123 m.kr. fyrir 2013 á móti 63 m.kr. gjaldfærslu fyrir 2012. Taka skal fram að afkoma ferskvatnsdeildar er undanþegin tekjuskatti en afkoma deildarinnar 2013 var jákvæð um 164 m.kr. en var jákvæð um 163 m.kr. árið 2012.

EBITDA árið 2013 er 1.798 m.kr. (36%) á móti EBITDA 1.570 m.kr. (33%) fyrir sama tímabilið árið 2012.

Samkvæmt efnahagsreikningi eru eignir HS Veitna hf þann 31. desember 2013 bókfærðar á 18.535 m.kr. Eignir hækkuðu um 744 m.kr. frá ársbyrjun. Fjárfestingar í veitukerfum 2013 námu alls um 507 m.kr. þar af vegna raforkudreifingar 425 m.kr., vegna sölu og dreifingar á heitu vatni 57 m.kr. og vegna sölu og dreifingar á fersku vatni 25 m.kr. Sambærilegar tölur frá fyrra ári eru eftirfarandi: fjárfestingar í veitukerfum 517 m.kr. þar af vegna raforkudreifingar 260 m.kr., vegna sölu og dreifingar á heitu vatni 90 m.kr. og vegna sölu og dreifingar á fersku vatni 73 m.kr. Á árinu 2008 voru fastafjármunir Hitaveitu Suðurnesja hf., fyrir uppskiptingu í HS Orku hf. og HS Veitur hf., endurmetnir og mynduðu hinir endurmetnu varanlegu rekstrarfjármunir stofnefnahag fyrirtækjanna við stofnun þeirra þann 1. desember 2008. Í ljósi ástands efnahagsmála í árslok 2008, var ákveðið að færa niður varanlega rekstrarfjármuni HS Veitna hf., um 900 milljónir króna af varfærnisástæðum sem eftir á að hyggja átti sér ekki stoð. Virðisrýrnunin var færð áður en bókhaldslegum og stjórnumarlegum aðskilnaði félaganna lauk í árslok 2008. Í ársreikningi 2013 hefur þetta verið leiðrétt og hækka því eignir vatnsveitu og raforkudreifingar um 663,8 milljónir króna að teknu tilliti til afskrifta og rýrnunar eigna. Nettó breytingin að teknu tilliti til áhrif á tekjuskattsskuldbindingu er færð í gegnum eigið fé þar sem framangreind virðisrýrnun í árslok 2008 fór ekki í gegnum rekstur HS Veitna hf. og hefur samanburðarfjárhæðum verið breytt til samræmis.

HS veitur réðust á tímabilinu í endurfjármögnun á langtímaskuldum félagsins. Var stór hluti eldri skuldabréfaflokks HSVE 0801 endurfjármagnaður með útgáfu nýs skuldabréfaflokks HSVE 1301. Nýi flokkurinn ber 3,75% verðtryggða vexti, en eldri flokkurinn bar 5% vexti. Lánstími nýja flokksins er 20 ár, en eldri flokkurinn var allur á gjalddaga í desember 2018. Skuldir HS Veitna hf þann 31. desember 2013 nema 8.694 m.kr. samkvæmt efnahagsreikningi, þar af eru skammtímaskuldir 592 m.kr. Skuldir hækkuðu um 377 m.kr. frá 31. desember 2012. Vaxtaberandi skuldir hækkuðu um 255 m.kr. að mestu vegna hækkunar verðbóta 237 m.kr. en afborganir voru 98 m.kr. og 116 m.kr. stafa af hækkuðum höfuðstól vegna skuldbreytingar. Þá hækkuðu aðrar skammtímaskuldir um 136 m.kr. að mestu vegna næsta árs afborgana af nýjum skuldabréfaflokki.

Eigið fé HS Veitna hf nam 9.841 m.kr. þann 31. desember 2013 (eiginfjárlutfall 53,1%) en eigið fé í ársbyrjun var 9.474 m.kr. (eiginfjárlutfall 53,3%).

Fjárhagsstaða félagsins þann 31. desember 2013 er sterk og horfur um rekstur þess góðar. Áfram verður unnið að stækkun veitukerfa félagsins eftir því sem þörf krefur og að tryggja viðskiptavinum félagsins hámarks afhendingaröryggi.

Helstu fjárhæðir úr ársreikningnum eru sem hér segir í þús. kr.

	2013	%	2012	%	Breyting milli ára
Rekstrarreikningur					
Rekstrartekjur	5.053.882	100,0%	4.698.548	100,0%	7,6%
Kostnaðarverð sölu	(3.382.933)	(66,9%)	(3.183.215)	(67,7%)	6,3%
Vergur hagnaður	1.670.949	33,1%	1.515.333	32,3%	10,3%
Annar rekstrarkostnaður	(424.915)	(8,4%)	(461.852)	(9,8%)	(8,0%)
Rekstrarhagnaður fyrir fjármagnsliði	1.246.034	24,7%	1.053.481	22,4%	18,3%
Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld	(457.761)	(9,1%)	(548.608)	(11,7%)	(16,6%)
Hagnaður fyrir tekjuskatt	788.273	15,6%	504.873	10,7%	56,1%
Tekjuskattur	(122.513)	(2,4%)	(63.009)	(1,3%)	94,4%
Hagnaður tímabilsins	665.760	13,2%	441.864	9,4%	50,7%
	31.12.2013		31.12.2012		
Efnahagsreikningur					
Fastafjármunir	15.793.483	85,2%	15.838.657	89,0%	(0,3%)
Veltufjármunir	2.741.319	14,8%	1.952.208	11,0%	40,4%
Eignir samtals	18.534.802	100,0%	17.790.865	100,0%	4,2%
Eigið fé	9.840.503	53,1%	9.474.742	53,3%	3,9%
Langtímaskuldir	8.102.349	43,7%	7.860.159	44,2%	3,1%
Skammtímaskuldir	591.950	3,2%	455.964	2,6%	29,8%
Skuldir og eigið fé samtals	18.534.802	100,0%	17.790.865	100,0%	4,2%
Kennitölur					
EBITDA	1.797.809	35,6%	1.570.071	33,4%	14,5%
Veltufjárlutfall	4,63		4,28		8,2%
Eiginfjárlutfall	53,1%		53,3%		(0,3%)

Nánari upplýsingar veitir Júlíus Jónsson, forstjóri HS Veitna hf., í síma 422 5200/860 5208.